



Reykjavík, 3. febrúar 2015

## ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 3. febrúar 2015 vegna dómarskýrslu frá Guðmundi F. Aðalsteinssyni, dags. 18. janúar 2015, sem barst nefndinni þriðjudaginn 20. janúar 2015, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hefði ekki mætt til keppni í 2. deild karla sunnudaginn 18. janúar 2015.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga, þ.e. dómarskýrslu Guðmundar F. Aðalsteinssonar.

Í skýrslunni kemur m.a. fram:

*„Á sama tíma eru konurnar í ÍR-BK að spila bikarleik í húsinu og hringir ein þeirra í einhvern í ÍR-A liðinu og fær þau skilaboð að gleymst hafi að biðja um frest.“*

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsa liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ.

Það er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu.

Ákvæðið er fortakslaust að því leyti að sekta skal lið sem ekki mætir til leiks.

Í ljósi framangreinds og þar sem ÍR-A mætti ekki til leiks í 2. deild karla laugardaginn 18. janúar 2015, er það niðurstaða aganefndar að sekta ÍR-A að fjárhæð kr. 18.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu.

Úrskurðarorð

ÍR-A greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 18.000

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar  
Ólafur Páll Vignisson  
Þórir Ingvarsson